



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði
Kt. 510694-2369, 450 2300

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 16. júní 2026
2605026 GBS

Efni: Endurskoðun á Byggðakvóta - umsögn Vesturbyggðar

Vísað er til erindis innviðaráðuneytis dags. 8. maí 2026 vegna heildarendurskoðunar á byggðakvótakerfinu en veittur var frestur til og með 16. júní 2026 til að svara erindinu.

1. Markmið byggðakvótakerfisins.

Vesturbyggð telur mikilvægt að markmið byggðakvótakerfisins verði við endurskoðunina skýrari og að ljóst sé hver er tilgangur kerfisins. Atvinnulíf í Vesturbyggð byggir á auðlindanýtingu úr sjó og þar er að finna fjölbreytt útgerðarform, smábátasjómenn og litlar og meðalstórar útgerðir, þá er stærsta strandveiðihöfn landsins í sveitarfélaginu. Því eru uppi margir og ólíkir hagsmunir sem hafa þarf í huga þegar endurskoða á kerfi eins og byggðakvótakerfið. Vesturbyggð telur mikilvægt að kerfið sannarlega styðji við atvinnulíf í viðkomandi sveitarfélagi, en sveitarfélagið tekur ekki afstöðu til þess hvaða þættir skuli vega þyngst. Leggur Vesturbyggð áherslu á að byggðakvóti í því formi sem hann verður hafi jákvæð atvinnu- og byggðaáhrif innan sveitarfélagsins.

2. Reynsla af núverandi fyrirkomulagi.

Núverandi fyrirkomulag byggðakvóta er að mati Vesturbyggðar flókið, óskilvirkt og virðist kerfið oft vinna gegn þeim óljósu markmiðum sem eru fyrir kerfinu. Þá er lítil fyrirsjáanleiki í almenna byggðakvótakerfinu og undirbúningur og setning sérreglna þung í framkvæmd. Einnig hafa ýmsar kröfur í kerfinu reynst erfiðar í framkvæmd og falið í sér hindranir. Sjá svar við spurningu 6.

3. Framtíðarfyrirkomulag kerfisins.

Aðstæður eru mjög mismunandi innan Vesturbyggðar og því er ekki tekin afstaða til þeirra meginleiða sem lagðar eru til. Að mati Vesturbyggðar er þó mikilvægt að þar sem sannarlega er stundaður sjávarútvegur að þær breytingar sem verði gerðar hafi



ekki neikvæð áhrif á rekstur þeirra sem stunda sjávarútveg. Þá er að mati Vesturbyggðar mikilvægt að ekki verði eingöngu litið til þess að annar atvinnuvegur hafi tekið við af sjávarútvegi og því þurfi ekki að koma til frekari aflaheimildir, heldur sé áfram tryggt að það verði fjölbreyttur atvinnurekstur í sjávarútvegssveitarfélögum, þrátt fyrir að annar atvinnuvegur eins og t.d. fiskeldi hafi rutt sér til rúms.

4. Tímalengd og fyrirsjáanleiki.

Að mati Vesturbyggðar er mikilvægt að tryggja frekari fyrirsjáanleika og hefur sértækur byggðakvóti sem ráðstafað er til lengri tíma nýst betur en almenni byggðakvótinn sem úthlutað er á hverju ári. Aukinn fyrirsjáanleiki er mikilvægur fyrir framtíðarjáfrestingu og frekari atvinnuuppbyggingu og eykur stöðuleika atvinnulífs í sveitarfélagi. Þó þarf að hafa í huga við mótun kerfisins að það sé ekki þannig að nýjir aðilar hafi ekki tækifæri til þátttöku.

5. Árangursmæling og eftirfylgni.

Vesturbyggð telur mikilvægt að árangurmælingar og eftirfylgni sé í samræmi við markmið kerfisins og hverju því sé ætlað að skila. Þannig verði unnt sé að meta hvort kerfið sé að uppfylla þau markmið sem sett eru. Áhersla sveitarfélagsins er að kerfið sannarlega gagnist þeim aðilum sem stunda sjávarútveg og styðji við frekari atvinnu- og verðmætasköpun.

6. Almennur byggðakvóti.

Reynsla Vesturbyggðar er að lítill fyrirsjáanleiki sé í almenna byggðakvótakerfinu og undirbúningur og setning sérreglna þung í framkvæmd og undanþágur fjölmargar. Hefur undirbúningur sérreglna oft á tíðum verið flókinn vegna smæðar og tengsla og ítrekað reynt á vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga við undirbúning slíkra reglna. Einnig hafa ýmsar kröfur í kerfinu reynst erfiðar í framkvæmd og falið í sér hindranir. Þá hefur almennur byggðakvóti dregist verulega saman í sveitarfélaginu í heild sinni og hefur það haft neikvæð áhrif fyrir bæði smábátasjómenn og litlar og meðalstórar útgerðir í sveitarfélaginu. Þar sem óljóst er hver nákvæmlega eru markmið almenns byggðakvóta í dag þá er að mati Vesturbyggðar óljóst hvort og hvernig hann stuðlar að markmiðum kerfisins. Telur Vesturbyggð því mikilvægt að markmið almenns byggðakvóta verði skýrð.

7. Sértækur byggðakvóti.

Að mati Vesturbyggðar hefur sértækur byggðakvóti haft jákvæð áhrif, sérstaklega þar sem eru fá skip og takmarkaðar aflaheimildir. Vesturbyggð hefur lagt áherslu á að sértækur byggðakvóti styðji við atvinnu, vinnslu og löndun innan sveitarfélagsins og



mikilvægi þess að virðisaukinn verði til í sveitarfélaginu. Að mati sveitarfélagsins hefur sértækur byggðakvóti reynst markvissara byggðatæki en almennur byggðakvóti þar sem hann hefur veitt aukinn fyrirsjáanleika og skapað betri forsendur til að viðhalda atvinnustarfsemi í minni sjávarbyggðum. Þá telur sveitarfélagið mikilvægt að við áframhaldandi þróun kerfisins verði horft til raunverulegra atvinnu- og byggðaáhrifa innan viðkomandi sveitarfélags, þar á meðal á vinnslu, löndun, þjónustustarfsemi og aðra virðisdeðju sjávarútvegs.

8. Afmörkun þátttöku í kerfinu.

Við afmörkun þátttöku í kerfinu leggur Vesturbyggð áherslu á að kerfið gagnist sannarlega þeim sem stunda sjávarútveg í minni byggðalögum og sérstaklega á svæðum sem staðsett eru langt frá markaði. Sé markmið kerfisins að styðja við byggð þá er æskilegt að miðað sé við tiltekin íbúafjölda og fjarlægðir milli staða og ekki séu veittar undanþágur sem komi niður á atvinnu- og verðmætasköpun í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt telur sveitarfélagið mikilvægt að við afmörkun og útfærslu kerfisins sé tekið mið af atvinnusóknasvæðum og raunverulegum tengslum byggðarlaga innan sveitarfélaga, enda getur atvinnu- og þjónustusókn verið sameiginleg þrátt fyrir að starfsemin dreifist á fleiri en eina höfn eða byggðakjarna.

9. Ráðstöfun og skilyrði.

Líkt og rakið er hér að ofan þá eru margir og ólíkir hagsmunir í Vesturbyggð og tekur sveitarfélagið því ekki afstöðu til þess hvaða skilyrði skuli vera um nýtingu byggðakvótans, hvort sem um er að ræða vinnsluskyldu eða önnur skilyrði kerfisins. Vesturbyggð leggur einnig áherslu á að þau skilyrði sem sett verða stuðli að atvinnu- og verðmætasköpun í viðkomandi sveitarfélagi og að nægjanlegur sveigjanleiki sé fyrir hendi til að taka mið af mismunandi aðstæðum innan sveitarfélaga. Þá telur sveitarfélagið mikilvægt að kerfið verði einfaldað og framkvæmd skýrari en nú er.

10. Nýsköpun og þróunarverkefni.

Vesturbyggð telur að sá stuðningur sem skilar sér í gegnum byggðakvótakerfið er mikilvægt fyrir atvinnu- og verðmætasköpun þegar kemur að nýtingu sjávarauðlindarinnar. Skiptir þessi stuðningur því sköpum fyrir sjávarútvegssveitarfélög. Að mati sveitarfélagsins er einnig mikilvægt að sú þekking sem til staðar er í sjávarbyggðunum hverfi ekki að öllu leyti og ef til frekari hagræðingar komi að áfram sé unnt að nýta sjávarauðlindina frá þeim byggðum sem eru hvað næst miðunum og því væri betra að nýta byggðakvótakerfið til nýsköpunar- og þróunarverkefna frekar en að stuðningurinn sé að öllu leyti tekin af viðkomandi sveitarfélagi. Blanda af hvoru tveggja væri betri leið en slíkt mætti að mati sveitarfélagsins ekki koma niður á núverandi starfsemi sem nýtir byggðakvótann.



11. Forgangsröðun

Eins og að framan hefur verið rakið telur Vesturbyggð að líta beri til eftirfarandi atriða við endurskoðun kerfisins:

a. Markmið og tilgangur kerfisins skýr.

Vesturbyggð telur mikilvægt að markmið byggðakvótakerfisins séu skýr þar sem það er forsenda þess að unnt sé að meta hvort kerfið skili þeim árangri sem því er ætlað. Eins og rakið er í umsögninni eru markmið núverandi kerfis óljós, sem gerir bæði framkvæmd og árangursmat erfiðara og dregur úr virkni þess sem byggðataekis.

b. Framkvæmdin einfölduð og aukinn fyrirsjáanleiki.

Reynsla Vesturbyggðar er að núverandi fyrirkomulag er flókið, íþyngjandi í framkvæmd og felur í sér lítinn fyrirsjáanleika. Undirbúningur sérreglna og ýmsar kröfur kerfisins hafa reynst erfiðar og skapað óþarfa hindranir. Einfaldara og fyrirsjáanlegra kerfi myndi stuðla að betri nýtingu byggðakvóta og skapa sterkari forsendur fyrir fjárfestingu og atvinnuuppbyggingu.

c. Hafi jákvæð atvinnu- og byggðaáhrif.

Vesturbyggð leggur áherslu á að byggðakvótakerfið sé fyrst og fremst öflugt byggðataeki sem styðji við atvinnu, vinnslu, löndun og verðmætasköpun í viðkomandi sveitarfélagi. Við endurskoðun kerfisins þarf því að horfa til raunverulegra atvinnu- og byggðaáhrifa þannig að ráðstöfun aflaheimilda styrki fjölbreytt atvinnulíf og stuðli að áframhaldandi byggðafestu í sjávarútvegssveitarfélögum.

12. Önnur sjónarmið.

Vesturbyggð vill jafnframt gera athugasemd við tímasetningu samráðsins. Beiðni um umsögn barst sveitarfélögum aðeins nokkrum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar, með upphaflegum umsagnarfresti til 26. Maí 2026, þegar nýkjörnar sveitarstjórnir höfðu ekki enn tekið til starfa og því ekki haft raunhæft tækifæri til að fjalla um málið. Þótt fresturinn hafi síðar verið framlengdur til 16. júní verður að telja þann tíma skamman í ljósi umfangs og mikilvægi málsins, ekki síst þar sem nýir kjörnir fulltrúar eru á sama tíma að setja sig inn í verkefni sveitarfélaganna og skipulag stjórnsýslunnar.

Að mati Vesturbyggðar hefði lengri samráðsfrestur stuðlað að vandaðri málsmeðferð og aukið líkur á að sjónarmið sveitarfélaga og þeirra samfélaga sem breytingarnar hafa mest áhrif á kæmu skýrar fram.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði

Kt. 510694-2369, 450 2300

Að mati Vesturbyggðar er mikilvægt að tillögur að breytingum verði vel kynntar svo sem með fundum með sveitarfélögum og hagaðilum og birtingu í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er einnig mikilvægt að ráðuneytið geri ítarlegt áhrifamat á breytingunum og hvernig þær koma til með að líta út gagnvart tilteknum sveitarfélögum og atvinnusvæðum um allt land.

Virðingarfyllt,

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri